

LÖG

um breytingu á lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Með tjöru er í lögum þessum átt við hráa þéttingu tóbaksreysks, vatnsfirrta og nikótínlausa.

Með nikótíni er í lögum þessum átt við nikótínbeiskjuefni.

Með kolsýringi er í lögum þessum átt við kolmónoxíð (CO).

Með innihaldsefnum er í lögum þessum átt við öll efni eða efnisþætti, nema tóbakslauf og aðra náttúrulega eða óunna hluta tóbakspöntunnar, sem eru notaðir við framleiðslu eða tilreiðslu á tóbaki og er enn að finna í fullunnu vörunni, jafnvel þótt í breyttu formi sé, þ.m.t. pappír, síur, blek og lím.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „tjöru- og nikótíninnihald“ í 2. mgr. kemur: tjöru-, nikótín- og kolsýringsinnihald.
- b. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar skv. 1. og 2. mgr., þar á meðal viðvörunartexta, stærð þeirra, letur, og annað sem máli kann að skipta, í samræmi við gildandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki.
- c. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Óheimilt er með öllu að hafa á umbúðum tóbaks texta, heiti, vörumerki, myndir og myndræn eða annars konar tákn sem gefa í skyn að varan sé ekki eins skaðleg og annað tóbak.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Á eftir 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, 8. og 9. mgr., og orðast svo:

Heilbrigðisýfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks gefi upplýsingar um innihald vörunnar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks leggi fram sýnishorn af vörunni eða geri prófanir sem eru nauðsynlegar til þess að meta eiginleika og áhrif hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

- b. Við 8. mgr. sem verður 10. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við mælingar og prófanir samkvæmt þessari málsgrein, svo og við upplýsingar og prófanir skv. 8. og 9. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði c-liðar 2. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 30. september 2003.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Jón Kristjánsson.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Chia, Mary Celestine, f. 12. maí 1967 í Singapúr.
2. Cybulska, Marzenna Katarzyna, f. 24. nóvember 1978 í Póllandi.
3. Fadel, Fadel Abd El Mogeth, f. 6. desember 1973 í Egyptalandi.
4. Gokorian, Alla, f. 28. febrúar 1972 í Rússlandi.
5. Kristbjörnsson, Gemma Fernandez, f. 12. október 1969 á Filippseyjum.
6. Michel, Marie Jacqueline Belinda, f. 6. desember 1964 í Míritíus.
7. Padron, Jaltiesky Garcia, f. 28. janúar 1975 á Kúbu.
8. Vassell, Keith Christophe, f. 28. júlí 1971 í Kanada.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Sólveig Pétursdóttir.